



- ÍST 120 -

## Íslenskur staðall um landupplýsingar

Þann 1. júní 2007 kom út fyrsti sérislenski staðallinn á sviði landupplýsinga, ÍST 120:2007 *Skráning og flokkun landupplýsinga - Fitjuskrá*. Markmiðið með útgáfu staðalsins er að koma á samræmdri flokkun gagna í íslenskum landupplýsingakerfum.

### Mikill fjárhagslegur sparnaður

Staðalinn er ætlaður til notkunar við flokkun landupplýsinga og skráningu, og þegar höfð eru samskipti með gögn sem staðallinn tekur til. Fitjuskrá inniheldur skilgreiningar og lýsingar á fyrribærum eða hlutum og eiginleikum þeirra. Stór hluti landupplýsingagagna er notaður af opinberum aðilum eða í verkefnum sem tengjast opinberum aðilum, og mikill fjárhagslegur sparnaður er af skýrum reglum um skráningu og samskipti með landupplýsingar. Að sama skapi er brýn þörf á stöðlum á þessu sviði.

### Byggir á alþjóðlegum kröfum

Auk þess að auka aðgengi að landfræðilegum upplýsingum er nýja staðlinum ætlað að tryggja eftirfarandi:

- Öruggeri og nákvæmari skráningu landupplýsinga

- Samræmda skráningu fitjutegunda og eiginda í landupplýsingakerfum
- Skýrar skilgreiningar á fitjutegundum
- Að eigindir verði einungis skráðar á einn hátt og á einum stað í flokkunarkerfinu
- Auðveldara viðhald „fitjuskráa“ í landupplýsingakerfum
- Að nýskráningar verði einfaldar og möguleikar ótakmarkaðir

ÍST 120 er byggður á kröfum staðalsins ÍST EN ISO 19110:2006 *Methodology for feature cataloguing*, en sá staðall er alþjóðlegur að uppruna og hefur verið gerður að íslenskum staðli. Staðallinn er úr röð tæknistaðla sem unnir eru af tækninefndinni ISO TC 211, en sú nefnd starfar á vegum Alþjóðlegra staðla-samtakanna, ISO, á sviði landupplýsinga. Landmælingar Íslands hafa unnið að aukinni notkun þessara staðla hér á landi í samvinnu við hagsmunaaðila og Staðlaráð Íslands.

### Námskeið um notkun ÍST 120

Áætlað er að halda námskeið á næstunni um skráningu gagna eftir reglum staðalsins. Námskeiðið verður haldið í samvinnu



Anna Guðrún Ahlbrecht, gæðastjóri  
hjá Landmælingum Íslands.

Landmælinga Íslands og LÍSU, Samtaka um landupplýsingar á Íslandi.

Umsjón með gerð staðalsins er hjá Landmælingum Íslands en verkefnið var unnið í samvinnu við LÍSU-samtökin og ýmsar stofnanir og fyrirtæki sem hagsmuna eiga að gæta hvað varðar stöðlun á skráningu landupplýsinga. Staðlaráð Íslands sá um útgáfu staðalsins og sér um dreifingu og sölu.

Námskeið 8. og 9. nóvember

**Stjórnun upplýsingaöryggis**  
samkvæmt ISO/IEC 17799

- Lykilatriði og notkun -

Nánari upplýsingar á [www.stadlar.is](http://www.stadlar.is)

Sögustund

- bls. 2

Blóðbankinn og ISO 9001 - bls. 3

ISO 9001 tvítugur

- bls. 4

- Staðlaráð tvítugt ... eða þannig -

## Brot úr sögu Staðlaráðs

Um þessar mundir eru liðin 20 ár frá Upphafi formlegs staðlastarfs á Íslandi. Það var á haustdögum 1987 sem Staðlaráð Íslands var sett á laggirnar sem ráðgjafarnefnd á vegum stjórnar Iðntæknistofnunar Íslands, en eitt af hlutverkum Iðntæknistofnunar skv. lögum var að vinna að stöðlun. Á fundi þann 8. september 1987 voru starfsreglur Staðlaráðs samþykktar og formaður þess kjörinn Þorbjörn Karlsson prófessor, fulltrúi Háskóla Íslands. Í Staðlaráði áttu í fyrstu sæti fulltrúar Iðntæknistofnunar, iðnaðarráðuneytisins, Háskóla Íslands, Landssambands iðnaðarmanna og Félags íslenskra iðnrekenda. Fljótlega bættust síðan Verkfræðingafélag Íslands og Tæknifræðingafélag Íslands í hópinn.

### Staðlaráð verður sjálfstætt

Hvatinn að stofnun Staðlaráðs var að ríkisstjórnin hafði þá nýlega samþykkt stefnu þess efnis að Ísland skyldi verða hluti af sameiginlegum innri markaði Evrópu, en til þess að svo gæti orðið var ljóst að hérlendis þyrftu að gilda sömu staðlar og í öðrum aðildarlöndum innri markaðarins. Staðlaráð Íslands gerðist aðili að evrópsku staðlasamtökunum CEN og CENELEC árið 1988, og fyrsti evrópski staðallinn var staðfestur sem íslenskur staðall 1. desember það ár.

Jafnframt því sem unnið var að því að innleiða evrópska staðla á Íslandi, gerðist Staðlaráð aðili að Alþjóðlegu staðlasamtökunum, ISO. Með auknu fjölpjóðasamstarfi kom í ljós að það var bagalegt að lagaleg staða íslenskra staðla skyldi hvergi vera skilgreind, því að í evrópsku laga- og reglugerðaumhverfi er beinlínis gert ráð fyrir

valfrjálsum stöðlum sem hjálpartæki til að uppfylla kröfur tilskipana og reglna. Því voru í desember 1992 sett lög um staðla, nr. 97/1992. Í þeim var kveðið á um að íslenskur staðall væri staðall sem staðfestur hefði verið af Staðlaráði Íslands, að staðall væri til frjálsra afnota og að Staðlaráð væri „samstarfsráð þeirra sem áhuga hafa á og hagsmuna hafa að gæta af stöðlun“. Á grundvelli laganna var hafist handa við undirbúning stofnunar sjálfstæðra samtaka og það var svo hinn 18. apríl 1993 sem hið nýja Staðlaráð Íslands var stofnað.

### Stöðlum er fátt óviðkomandi

Lögin voru endurskoðuð árið 2003 og nú eru í gildi lög um staðla og Staðlaráð Íslands, nr. 36/2003, þar sem skýrar er kveðið á um hlutverk Staðlaráðs og fagstaðlaráða þess en var í lögnum frá 1992. Fagstaðlaráðin eru nú fjögur, Byggingarstaðlaráð stofnað 1988, Fagstaðlaráð í upplýsingatækni stofnað 1992, Rafstaðlaráð stofnað 1994 og Fagstaðlaráð í fiskimálum stofnað 2007.

Staðlaráð starfaði fyrstu árin á Iðntæknistofnun, en í september 1998 flutti Staðlaráð starfsemi sína þaðan og hóf sjálfstæðan rekstur. Sama ár gerðist Staðlaráð einnig aðili að Alþjóða raftækniráðinu, IEC. Frá árinu 2003 staðfestir Staðlaráð staðla frá evrópsku fjarskiptastaðla-stofnuninni ETSI sem íslenska staðla.

Fyrir 19 árum, þegar hið eldra Staðlaráð hafði starfað í eitt ár og hafði gengið í CEN og CENELEC, voru gildandi íslenskir staðlar 43 talsins, þar af einn evrópskur. Í dag eru þeir 21452, þar af 21363 evrópskir.

Stór hluti af þessum stöðlum eru tæknilegir staðlar í hefðbundnum greinum s.s. í



*Guðrún Rögnvaldardóttir,  
framkvæmdastjóri Staðlaráðs.*

byggingariðnaði, véltækni og raftækni, en einnig er til mikið af stöðlum á sviði heilbrigðistækni, persónuhlífa og ýmissar neytendavöru (t.d. leikföng, reiðhjól, húsgögn) auk öryggisstaðla af ýmsu tagi. Staðlar um ýmsar tegundir stjórnkerfa, svo sem gæðastjórnun, umhverfisstjórnun, stjórnun upplýsingaöryggis og skjalastjórnun er einnig stækkandi flokkur. Það nýjasta á þeim meiði er alþjóðlegur staðall sem verið er að semja um samfélagsábyrgð fyrirtækja. Af þessu má ráða að staðlar koma við sögu á nær öllum sviðum okkar daglega lífs.

Nýtt fagstaðlaráð var stofnað fyrir á þessu ári, *Fagstaðlaráð í fiskimálum*, fyrst og fremst til þess að taka þátt í alþjóðlegri stöðlun á sviði fiskveiða, fiskvinnslu og fiskeldis. Stofnun þess er merki um að hagsmunaaðilar eru farnir að átta sig á að það skiptir miklu máli að taka virkan þátt í stöðlun á þeim sviðum þar sem afgerandi íslenskir hagsmunir eru í húfi.

Námskeið 22. nóvember

## ISO 9000 gæðastjórnunarstaðlarnir - Lykilatriði, uppbygging og notkun -

Nánari upplýsingar á [www.stadlar.is](http://www.stadlar.is)

- Reynslusaga -

# Blóðbankinn og ISO 9001

Blóðbankinn hefur verið með vottað gæðakerfi skv. ISO 9001 síðan árið 2000. Uppbygging gæðakerfisins hófst upp úr 1995 en þá urðu miklar breytingar í starfsemi Blóðbankans því verið var að innleiða nýtt tölvakerfi og nýjar aðferðir. Vinnuleiðbeiningar voru skrifaðar niður og var þar með kominn fyrsti grunnur að gæðahandbók. Í kjölfarið var ákveðið að byggja upp gæðakerfi til að styrkja innviði Blóðbankans og stuðst var við ISO 9001 staðalinn. Til að setja vinnuna við uppbyggingu gæðakerfisins í ákveðnari farveg var tekin sú ákvörðun að sækja um vottun á kerfinu.

## Sparnaður og umbætur

Breska vottunarstofan BSI var fengin til að votta gæðakerfið og kemur aðili frá þeim tvisvar á ári og tekur út kerfið. Úttektarmenn frá BSI hafa alltaf komið með verðmætar athugasemdir um hluti sem betur mættu fara og þannig sparað okkur bæði vinnu og peninga. Vottunin hefur verið innleidd í áföngum; fyrst var blóðtaka og blóðhlutavinnsla vottuð, þá var afgreiðsla blóðhluta bætt við og nú síðast eigin stofnfrumuvinnsla.

Gæðakerfi Blóðbankans hefur auðveldað móttöku og þjálfun nýrra starfsmanna. Framleiðsla er meira stöðluð en áður og niðurstöður gæðaeftirlits, ábendingar, frávik og athugasemdir úr innri úttektum notaðar með markvissari hætti til umbóta. Þannig hefur dregið úr förgun og kostnaði henni

samfara. Því má segja að uppsetning gæðakerfis Blóðbankans hafi haft í för með sér sparnað í ríkisrekstri. Með aukinni færni starfsmanna hefur nú skapast sá möguleiki að einfalda uppbyggingu gæðahandbókar Blóðbankans og gera hana markvissari og auðlesnari.

## Betur búinn undir að mæta reglugerðarkröfum

Á síðustu árum hafa kröfur til blóðbankaþjónustu verið settar fram með formlegum hætti með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2002/98/EB um setningu gæða- og öryggisstaðla fyrir söfnun, prófun, vinnslu og dreifingu blóðs og blóðhluta úr mönnum. Þetta er gert til að staðla blóðbankaþjónustu innan Evrópu og tryggja þannig öryggi blóðgjafa og blóðþega, tryggja gæði blóðhluta og koma í veg fyrir að smit berist með blóðinngjöf. Þessi tilskipun hefur nú verið innleidd á Íslandi með lagabreytingum og setningu reglugerðar. Margar af almennu kröfunum í reglugerðinni eru sambærilegar þeim sem fram koma í ISO 9001 staðlinum, svo sem um skjala- og skráarhald, rekjanleika, skráningu og eftirfylgni frávik. Blóðbankinn hefur einnig fylgt leiðbeiningum sem Evrópuráðið hefur gefið út árlega þar sem fjallað er m.a. um val á blóðgjöfum, innihald blóðhluta og nauðsynlegar prófanir. Blóðbankinn var því vel undir það búinn að mæta þeim kröfum sem gerðar voru af heilbrigðisyrköldum í reglugerðinni. Samkvæmt reglugerðinni er nú rekin ein blóðbankaþjónusta á landsvísi.



Ína Björg Hjálmarsdóttir,  
gæðastjóri Blóðbankans.

Starfsstöðvar eru þrjár, í Reykjavík, á Akureyri og einnig blóðbankabíll sem notaður er til blóðsöfnunar um allt land. Innleiðing á gæðakerfi Blóðbankans fer nú fram á Akureyri.

Áherslur ISO 9001:2000 þar sem viðskiptavinurinn er settur í forgang hafa reynt Blóðbankanum vel við að auka tryggð blóðgjafa, en án öflugs hóps blóðgjafa getur Blóðbankinn ekki starfað.

## AFMÆLISTILBOÐ

Í tilefni af 20 ára afmæli ISO 9001 bjóðum við **50% afslátt af Kjarnastaðlabókinni**. Tilboðið gildir til áramóta.

Pantaðu á [www.stadlar.is](http://www.stadlar.is) eða hringdu í 520 7150.



ISO 9000, ISO 9001, ISO 9004 og ISO 19011





- Afmælisbarnið -

## ISO 9001 tvítugur

Tuttugu ár eru síðan gæðastjórnunarstaðallinn ISO 9001 kom fyrst út. Íslenska útgáfa staðalsins gengur nú undir nafninu ÍST EN ISO 9001:2000 *Gæðastjórnunarkerfi - Kröfur*. Í tilefni tvítugsafmælisins ætlar Staðlaráð að gefa út á íslensku bókina *ISO 9001:2000 - Vinnubók fyrir þjónustufyrirtæki*. Bókinni er ætlað að auðvelda fyrirtækjum að ákveða hvort og hvernig innleiða megi gæðastjórnunarkerfi samkvæmt ISO 9001. Ef fólk vill fréttu af útkomu bókarinnar um leið og af henni verður má fara inn á [www.stadlar.is](http://www.stadlar.is) og gerast áskrifandi að *Staðlapóstinum - rafrænu fréttabréfi Staðlaráðs*. Í tilefni tvítugsafmælisins mun Staðlaráð einnig gefa helmingsafslátt af bók sem inniheldur kjarnastaðlana fjóra í 9000-seríunni. Afslátturinn gildir út árið 2007.

### Sigurganga


Fyrsta íslenska útgáfa alþjóðlega staðalsins ISO 9001 var staðfest árið 1991. Önnur útgáfa var staðfest sem íslenskur staðall árið 1994 og núverandi útgáfa árið 2001. Á heimsvísu er saga ISO 9000-gæðastjórnunarstaðlanna samfelld sigurganga.

Þeir eru langþekktastir þeirra staðla sem Alþjóðlegu staðlasamtökin ISO hafa gefið út. Fyrirtæki með vottuð gæðakerfi samkvæmt ISO 9001 eru í yfir 160 löndum og heildarfjöldi vottaðra gæðakerfa slagar hátt í 800 þúsund. Frá byrjun árs 2004 til loka ársins 2005 óx fjöldi vottaðra gæðakerfa í heiminum um 116476. Velgengnin er langt umfram það sem nokkur lét sig dreyma um fyrir 20 árum. Í könnun Alþjóðlegu staðlasamtakanna kemur fram að á Íslandi voru í árslok 2005 samtals 43 vottuð gæðakerfi samkvæmt ISO 9001. Vottuð gæðakerfi eru hvað algengust meðal þeirra ríkja sem mest kveður að á heimsmarkaði og þeirra sem sækja þar fram með mestum hraða.

### Fyrir öll fyrirtæki

Notkun ISO 9001 er ekki bundin við neina eina atvinnugrein, og fyrirtækin geta verið bæði stór og smá. Staðlinum er beitt jafnt í opinberum stofnunum og einkareknum fyrirtækjum; í menntastofnunum, á sjúkrahúsum, í þjónustufyrirtækjum, í rekstri sveitarfélaga, fjármálafyrirtækjum, hugbúnaðarfyrirtækjum, framleiðslufyrirtækjum. Gríðarleg útbreiðsla vottaðra gæðakerfa er til marks um hve vel hefur tekist til með

gæðastjórnunarstaðallinn ÍST EN ISO 9001 *Gæðastjórnunarkerfi - kröfur*.



Topp 10. Listi yfir þau tíu lönd þar sem eru flest gæðakerfi.



## Staðlar létta þér lífið...

... þegar þú metur gæði pósthjónustunnar

Staðallinn ÍST EN 14508:2003 2007 *Póstþjónusta - Þjónustugæði - Mæling á flutningstíma frá póstlagningu til móttöku fyrir stakar B-póstsendingar og A-póstsendingar* er einn margra staðla sem snúast um gæði pósthjónustu.

Fjölmíðlum er frjálst að nota efni úr Staðlamálum í heild sinni eða hluta, en eru vinsamlega beðnir að geta heimilda í slíkum tilvikum. Þeim sem vilja koma efni í blaðið er bent á að hafa samband við Hjört Hjartarson.